

Stjórnarskiptafundur Gígjunnar, haldinn að Katrínartúni 2 föstudaginn 21. okt. 2016 kl 17:00

Stjórn - fundarkonur:

Dagbjört Lára Ottósdóttir formaður
Bryndís Bjarnarson meðstjórnandi
Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri
Una Þórey Sigurðardóttir varamaður
Kolbrún Halldórsdóttir varamaður
Petra Jónsdóttir ný í stjórn
Astrid Sörensen nýr varamaður
Jóhanna Lind Jónsdóttir nýr varamaður

Fjarverandi:

Þórhildur Kristjánsdóttir varaformaður
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir ritari
Anna Lilja Ottósdóttir varamaður

Dagskrá og umræðuefni fundar

1. Stjórnarskipti - ný stjórn

Formaður er Bryndís Bjarnarson (Kvennakór Hornafjarðar).
Varaformaður er Kolbrún Halldórsdóttir (Kvennakór Reykjavíkur).
Gjaldkeri er Guðlaug Ásgeirsdóttir (Heklurnar).
Ritari er Una Þórey Sigurðardóttir (Kvennakór Akureyrar).
Meðstjórnandi er Petra Jónsdóttir (Kyrjurnar).
Í varastjórn eru; Astrid Sörensen og Jóhanna Lind Jónsdóttir (Kvennakór Reykjavíkur).
Fráfarandi formanni, Dagbjörtu Láru, eru þökkuð vel unnin störf í þágu Gígjunnar.

2. Heimasíða Gígjunnar; gigjan.is

Vefstjórar: Bryndís Bjarnarson og Kolbrún Halldórsdóttir.
Rætt var um heimasíðu Gígjunnar, gigjan.is Á vinnufundi stjórnar Gígjunnar þann 5. mars 2016, var rætt um hvort þörf væri á uppfærslu heimasíðunnar. Dagbjört og Bryndís tóku að sér að skoða síðuna og meta. Niðurstaða þeirra og fundarins er sú að óþarfi sé að uppfæra heimasíðuna. Gígjan er með opinbera fésbókarsíðu sem gjarnan meggi nota meira og vísa þar í frekari upplýsingar á

heimasíðunni. Vefstjórar uppfæra nýjar upplýsingar, svo sem varðandi stjórnarkonur Gígjunnar og aðildarkóra á heimasíðunni sem fyrst.

3. Pósthólf Gígjunnar; gigjan2003(hjá)gmail.com

Kolbrún Halldórsdóttir sér um pósthólf Gígjunnar, það er að flokka og áframsenda tölvupósta eftir þörfum.

4. Breytingar á reglum tónverkasjóðs

Samþykktar voru breytingar á reglum tónverkasjóðs Gígjunnar á nýliðnum aðalfundi. Kynna þarf þessar breytingar fyrir aðildarkórum og auðvelda þeim að sækja um styrki með því að útbúa umsóknarblað sem væri aðgengilegt á heimasíðu Gígjunnar. Bryndís formaður tekur að sér að setja breytingarnar inn á heimasíðuna.

5. Samstarf kvennakóra landsins og væntanlegt landsmót

Stjórn Gígjunnar telur mjög mikilvægt að haldinn sé fundur með formönnum aðildarkóra í tengslum við landsmót og einnig samhliða aðalfundi. Slíkir fundir eru líklegir til að efla samstarf kóra og miðla gagnlegum upplýsingum. Stefnt á að boða til formannafundar eftir áramót. Bryndís sendir formlegt bréf/póst til formanna aðildarkóra vegna formannafundar. Einnig var rætt hvernig fyrirkomulag formannafundar á landsmótinu verði, slíkan fund er ekki að sjá í dagskrár drögum mótsins. Nokkuð var rætt um landsmótið, til dæmis hvort langar vegalengdir og dreifð gistaðstaða haft áhrif á fjölda þátttakenda. Bryndís formaður ætlar að hafa samband við Kvennakór Ísfirðinga og fá nánari upplýsingar um formannafund og fleiri hagnýt atriði í tengslum við mótið.

6. Staða innheimtumála

Staða innheimtumála er í lagi og flestir aðildarkórarnir búnir að greiða árgjaldið. Þeir kórar sem enn hafa ekki greitt árgjald síðasta árs fá sent innheimtubréf. Gjaldkeri er búin að senda póst á aðildarkóra og biðja um kennitölu kóranna auk fjölda kórmeðlima svo hægt sé að rukka árgjaldið framvegis í heimabanka. Það verður hringt í þá kóra sem enn eiga eftir að senda upplýsingar. Nú eru skráðar um 800 konur í félagaskrá – eru sennilega um 1000 í 27-28 kórum. Á síðasta ári kom beiðni frá Senjorítum um lækkun árgjalds til Gígjunnar. Senjorítur eru konur eldri en 60 ára og greiða lág félagsgjöld til síns kórs. Beiðni Senjoríta var samþykkt og greiða Senjorítur hálf árgjald.

7. Fjölís

Fjölís er hagsmunafélag um höfundarétt og sér Gígjan um samninga fyrir hönd aðildarkóranna. Ræða átti um samninga Gígjunnar við Fjölís en það var ekki hægt að þessu sinni. Greinargerð frá Þórhildi varðandi samningana barst ekki í tæka tíð fyrir fundinn. Umræðunni um Fjölís er því frestað.

Fleira var ekki rætt á þessum fundi.

Næsti fundur í stjórn Gígjunnar verður símafundur þann 4. desember kl 16.

Fundi slitið kl 18:30.

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir